

Samþykkt fyrir skipulagsráð

Um verkefni skipulagsráðs

1. gr.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar fjallar um skipulagsmál í umboði bæjarstjórnar Akureyrarbæjar eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari sem gerð er í samræmi við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

2. gr.

Skipulagsráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulagsmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga. Ráðið hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Ráðið gerir tillögur til bæjarráðs um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið þess.

3. gr.

Meginverkefni skipulagsráðs Akureyrar eru skipulagsmál, umhverfisskipulag, lóðarúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Ráðið hefur hlutverk skipulagsnefndar í skilningi 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsráð hefur ekki heimild til að afgreiða deiliskipulagsáætlanir nema með þeim undantekningum sem greindar eru í 5. gr.

Bæjarstjórn veitir sviðsstjóra skipulagssviðs (skipulags- og byggingarfulltrúa) heimild til fullnaðarákvarðana, sbr. samþykkt um embættisafgreiðslur skipulagsstjóra Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri skipulagssviðs getur ávallt vísað máli sem hann hefur heimild til að taka fullnaðarákvörðun um, til afgreiðslu skipulagsráðs.

4. gr.

Skipulagsráð starfar í samræmi við:

- a) reglur, samþykktir og samþykktar stefnur bæjarstjórnar sem tengjast sérstaklega verkefnum ráðsins og viðauka við Samþykkt um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.
- b) Almennar reglur, samþykktir og stefnur bæjarstjórnar sem eru í gildi á hverjum tíma svo sem mannauðsstefnu Akureyrarbæjar og mannréttindastefnu Akureyrarbæjar.

Heimildir skipulagsráðs til fullnaðarákvarðana

5. gr.

Skipulagsráð afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga:

1. Ákvörðun um hvort að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi til samræmis við innkomin erindi með vísan til 38. gr. skipulagslaga.
2. Samþykkt og kynning lýsingar deiliskipulags samkvæmt ákvæðum, sbr. 1.-3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.
3. Ákvörðun um og samþykkt óverulegra breytinga á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
4. Ákvörðun um hvort að við útgáfu á framkvæmda- eða byggingarleyfi sé heimilt að víkja frá kröfum um breytingu á deiliskipulagi eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávik er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.
5. Ákvörðun samkvæmt 44. gr. skipulagslaga um útgáfu byggingar- eða framkvæmdaleyfis þar sem deiliskipulag er ekki í gildi en framkvæmdin er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar.
6. Ákvörðun um heiti á götum, vegum, torgum og hverfum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn nafnanefndar.
7. Ákvarðanir samkvæmt 48. gr. skipulagslaga um skiptingu landa og lóða.
8. Ákvörðun um samþykkt á framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga þegar deiliskipulag liggur ekki fyrir.
9. Ákvörðun um samþykkt og útgáfu á framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga.
10. Ákvörðun um að staðfesta stöðvun skipulagsfulltrúa á framkvæmdum sem hafnar eru án framkvæmdaleyfis, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag eða það er fallið úr gildi. sbr. 53. gr. skipulagslaga.
11. Ákvörðun um að beita dagsektum í samræmi við 54. gr. skipulagslaga.

6. gr.

Skipulagsráð afgreiðir eftirtalin verkefni laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 án staðfestingar bæjarstjórnar:

1. Veitir umsögn um matsskyldar framkvæmdir skv. 5. gr. laganna.
2. Veitir umsögn um framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og tilgreindar eru í flokki B í 1. viðauka laganna.
3. Tekur ákvörðun samkvæmt 6. gr. laganna um hvort framkvæmd sem háð er framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða mannvirkjalögum og tilgreind er í flokki C í viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um skipan skipulagsráðs

7. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm fulltrúa í skipulagsráð til fjögurra ára og fimm til vara. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í skipulagsráði má tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í skipulagsráði með málfrelsi og tillögurétt.

8. gr.

Formaður skipulagsráðs stjórnar fundum og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um fundarsköp en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

9. gr.

Skipulagsráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

10. gr.

Sviðsstjóri skipulagssviðs og forstöðumaður byggingamála sitja að jafnaði fundi skipulagsráðs með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

Um yfirstjórn málefna skipulagssviðs

11. gr.

Bæjarstjóri ræður sviðsstjóra skipulagssviðs, sem gegnir hlutverki skipulagsfulltrúa í skilningi 7. gr. skipulagslaga og forstöðumann byggingarmála, að höfðu samráði við skipulagsráð. Sviðsstjóri skipulagssviðs aðra starfsmenn skipulagssviðs, ef frá er talið að byggingarfulltrúi ræður starfsmenn byggingarmála.

12. gr.

Bæjarráð úthlutar fjárhagsramma til skipulagsráðs vegna fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár. Skipulagsráð gerir starfsáætlun í samræmi við fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Tillögur um breytingar á þjónustu skal skýra og rökstyðja sérstaklega og þurfa samþykki bæjarstjórnar. Breytingar á gjaldskrá þarf að samþykkja í bæjarráði.

13. gr.

Formaður skipulagsráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á. Sviðsstjóri skipulagssviðs ber ábyrgð á stjórn og rekstri málaflokksins og framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Um fundarsköp skipulagsráðs

14. gr.

Um fundarsköp á fundum skipulagsráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun.

Formaður boðar eða lætur boða til fundar með dagskrá. Í dagskrá skal vísað til gagna um þau fundarefni sem til umfjöllunar eru eftir því sem kostur er. Dagskrá skal send til aðalmanna eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Óski nefndarmaður eftir að taka mál á dagskrá skal hann tilkynna formanni það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn eigi síðar en á hádegi þremur dögum fyrir fund. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulagsráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver nefndarmaður óskar þess.

Fundir skipulagsráðs eru að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og er óheimilt að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Fundur er lögmætur ef meira en helmingur nefndarmanna er á fundi. Skipulagsráð getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur. Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem þau eru á dagskrá nema formaður eða skipulagsráð ákveði annað. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Skytt er að vísa máli til úrskurðar bæjarstjórnar ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska eftir því með bókun. Formaður sér um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók og í tölvu og að allar samþykktir séu bókaðar nákvæmlega.

15. gr.

Skipulagssvið leggur skipulagsráði til fundaraðstöðu og fundarritara. Um ritun fundargerða ráðsins gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. og 31. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar og verklagsreglur um fundarritun og birtingu gagna með fundargerðum.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sitja fundinn auk áheyrnarfulltrúa og fyrir hvaða aðalmenn og varamenn sitja fundinn,
- c) nöfn og starfsheiti starfsmanna sem sitja fundinn,
- d) heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e) greinargóða lýsingu á hverjum dagskrárlið,
- f) bókanir ráðsins eða einstakra fundarmanna um dagskrármál þar sem það á við og hvaða afgreiðslu dagskrármál hefur hlotið,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir,
- h) atkvæðatölur ef formleg atkvæðagreiðsla hefur farið fram og atkvæði hafa ekki verið samhljóða

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð lesin upp og hún undirrituð af fundarmönnum. Fundargerðir eru undirritaðar og varðveittar rafrænt.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalasafni Akureyrarbæjar. Sviðsstjóri skipulagssviðs sér um að tilkynna aðilum mála sem afgreidd eru í skipulagsráði um málalok og að birta fundargerðir á vefsíðu Akureyrarbæjar.

Um hæfi og skyldur nefndarmanna og starfsmanna skipulagsráðs

17. gr.

Um hæfi nefndarmanna gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

Um hæfi starfsmanna skipulagsráðs gilda ákvæði 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 17. gr. Samþykktar um stjórn og fundarsköp Akureyrarbæjar.

18. gr.

Nefndarmönnum er skytt að sækja alla fundi nefndarinnar nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda hans helst áfram eftir að hann lætur af störfum í nefndinni. Þetta ákvæði á einnig við um starfsmenn skipulagsráðs.

Málsmeðferðareglur skipulagsráðs

19. gr.

Við meðferð mála hjá skipulagsráði, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Skipulagsráð skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum nefndarinnar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 140/2012.

Ákvörðun skipulagsráðs skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kærueimild og kærufrest.

Endurupptaka máls

20. gr.

Eftir að skipulagsráð eða starfsmenn þess hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til bæjarráðs.

Stjórnarsýslukæra

21. gr.

Aðila máls er heimilt að kæra ákvörðun skipulagsráðs eða starfsmanna þess til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála eða annars æðra stjórnvalds sem við á til þess að fá ákvörðun fellda úr gildi eða henni breytt nema annað leiði af lögum eða venju.

Kæra skal borin fram innan eins mánaðar frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun skipulagsráðs eða starfsmanna þess, nema lög leiði til annars frests. Stjórnarsýslukæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar meðan málið er til meðferðar hjá kærunefnd nema æðra stjórnvald mæli svo fyrir.

Gildistaka

22. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2025.

Samþykkt á fundi bæjarráðs 12. desember 2024

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 17. desember 2024.